# Orkuveita Húsavíkur ehf.

Kt. 641195-2359,

Ketilsbraut 9, 640 Húsavík.

## Ársreikningur 2009

## Efnisyfirlit

bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun endurskoðanda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 - 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Reikningsskilaaðferðir | 8 - 9 |
| Skýringar | 10 - 15 |

Aðrar upplýsingar:

| | |
|---|---|
| Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur | 16 |


**Orkuveita Húsavíkur ehf.,**
**640 Húsavík.**

**http://oh.is/**

# Skýrsla stjórnar og áritun á ársreikninginn

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ehf. er orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## Starfsemin á árinu 2009

Í nóvember sl. voru gerðir samningar um sölu á öllum raforkuviðskiptum og rafveitukerfi félagsins til RARIK og Orkusölunnar. Afhending á hinu selda var 1. janúar 2010. Samhliða var gerður samningur við Orkusöluna um að Orkuveitan skuldbindi sig til að framleiða eða kaupa og afhenda rafmagn frá raforkuvinnslu úr orkustöð á Hrísmóum og tekur samningurinn gildi þegar virkjunin verður gagnsett með endurbótum.

Á árinu var fjárfest fyrir 86,3 mkr. í hlutafé í Þeistareykjum ehf en þar á félagið 31,97% eignarhlut.

Rekstrartekjur ársins námu 453 mkr., þar af söluhagnaður eigna 133 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir nam 269,6 mkr. en afskriftir námu 257,7 mkr. þar af 200 mkr. sérstök aukaafskrift á orkustöð vegna virðisrýrnunar virkjunarinnar. Hagnaður fyrir fjármagnsliði nam 11,9 mkr. og tap eftir skatta 48,6 mkr. Fjármagnkostnaður lækkar um 592 mkr. milli ára.

## Framtíðaráform

Starfsemi félagsins mun breytast mikið á árinu 2010 frá árinu á undan þar sem raforkuhlutinn, þ.e. smásöluhlutinn og dreifikerfið, hefur verið seldur frá félaginu. Í fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2010 er áætlað að selja hlut félagsins í Þeistareykjum hf. en samningar um sölu eru komnir á góðan rekspöl. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða félagsins verða jákvæð um rúmlega 80% að öðru óbreyttu, gangi áform um sölu eftir. Þann 20. apríl s.l. náðist samkomulag við Global Geothermal um enduruppbyggingu Orkustöðvarinnar. Samkomulagið er forsenda fyrir enduruppbyggingu stöðvarinnar og því að unnt sé að koma stöðinni í fullan rekstur.

## Jöfnun taps

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður af hlutafé að þessu sinni og vísar til ársreikningsins varðandi jöfnunar á tapi ársins.

## Eignarhald á félaginu

Sveitarfélagið Norðurþing er eigandi að öllu hlutafé í félaginu.

## Staðfesting ársreiknings

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins árið 2009 með áritun sinni.

Húsavík, 29/4 2010.

**Í stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ehf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar 1 - 13.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Ábending*
Reikningsskilin eru miðuð við áframhaldandi rekstur. Ef rekstur félagsins stöðvast getur komið til þess að eignir félagsins verði verðminni en fram kemur í efnahagsreikningi. Þar kemur fram að eigið fé er neikvætt um 190 mkr. og er þá miðað við mat eigna eins og fram kemur í skýringum, þ.m.t. eignfærð tekjuskattsinneign að fjárhæð 267,5 mkr. Þá eru skammtímaskuldir 130 mkr. hærri en veltufjármunir en 155 mkr. af skammtímaskuldum er við móðurfélagið. Framsetning skulda miðast við að afborganir fari fram á umsömdum gjalddögum. Ef sala á eignarhlut félagsins í Þeistareykjum ehf á árinu 2010 gengur eftir á forsendum stjórnenda félagsins á árinu 2010, er ljóst að eiginfjárstaða félagsins verður orðin jákvæð í árslok 2010.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Húsavík, 27. apríl 2010.

**PricewaterhouseCoopers hf**

Björn St. Haraldsson,
löggiltur endurskoðandi.

Davíð Búi Halldórsson,
löggiltur endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Orkusala | | 312.958.817 | 284.342.166 |
| Aðrar tekjur | | 6.904.044 | 7.196.719 |
| Söluhagnaður | | 133.603.689 | 0 |
| | | 453.466.550 | 291.538.885 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 46.999.662 | 54.110.115 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 136.920.521 | 149.845.309 |
| | | 183.920.183 | 203.955.424 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti** | | 269.546.367 | 87.583.461 |
| Afskriftir | 2 | 257.715.138 | 69.926.117 |
| | | 441.635.321 | 273.881.541 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 11.831.229 | 17.657.344 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 1 | | |
| Vextir og gengismunur af langtímaskuldum | | (112.265.993) | (703.921.404) |
| Önnur fjármagnsgjöld og fjármunatekjur | | (15.474.694) | (15.767.820) |
| | | (127.740.687) | (719.689.224) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | (115.909.458) | (702.031.880) |
| Tekjuskattur | 12 & 13 | 67.189.995 | 77.096.862 |
| **Tap ársins** | | (48.719.463) | (624.935.018) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

## Eignir

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 2 | | |
| Orkuveitumannvirki | | 401.048.661 | 718.427.586 |
| Fasteignir | | 75.104.520 | 78.766.395 |
| Tæki og búnaður | | 1.257.228 | 1.921.671 |
| Aðveituæð | | 220.670.239 | 234.641.132 |
| | | 698.080.648 | 1.033.756.784 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 3 | 283.939.066 | 198.816.299 |
| Skatteign | 13 | 267.523.265 | 200.333.270 |
| | | 551.462.331 | 399.149.569 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 1.249.542.979 | 1.432.906.353 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 4 | 225.000 | 300.000 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 37.733.303 | 36.260.067 |
| Krafa vegna sölu eigna | | 115.000.000 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 98.375 | 359.982 |
| Handbært fé | | 70.535.729 | 9.776.207 |
| | | 223.592.407 | 46.696.256 |
| **Eignir samtals** | | 1.473.135.386 | 1.479.602.609 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Hlutafé | | 307.000.000 | 307.000.000 |
| Ójafnað tap | | (497.612.194) | (448.892.731) |
| | | (190.612.194) | (141.892.731) |
| **Skuldir** | | | |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 7 | 71.800.000 | 71.000.000 |
| | | 71.800.000 | 71.000.000 |
| **Langtímaskuldir:** | 9 | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 1.120.697.067 | 1.180.408.098 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 117.031.586 | 85.455.628 |
| | | 1.237.728.653 | 1.265.863.726 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Skuld við tengdan aðila | | 155.258.932 | 49.256.653 |
| Viðskiptaskuldir | | 40.826.610 | 55.574.622 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 18.639.251 | 24.547.572 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | | 139.494.133 | 155.252.767 |
| | | 354.218.926 | 284.631.614 |
| **Skuldir samtals** | | 1.663.747.580 | 1.621.495.340 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.473.135.385 | 1.479.602.609 |
| **Ábyrgðarskuldbindingar** | 10 | | |
| **Aðrar upplýsingar** | 8 | | |

# Sjóðstreymi árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Tap ársins | | (48.719.463) | (609.515.646) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 2 | 257.715.138 | 69.926.117 |
| Söluhagnaður | | (133.603.689) | 0 |
| Aðrir liðir | 11 | 3.963.399 | 549.046.858 |
| | 11 | 79.355.385 | 9.457.330 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (1.211.629) | 3.243.385 |
| Birgðir | | 75.000 | (50.000) |
| (Lækkun)/hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (20.656.333) | 39.395.944 |
| | | (21.792.962) | 42.589.329 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 57.562.423 | 52.046.659 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting á árinu í varanlegum rekstrarfjármunum | 2 | (3.435.313) | (52.915.053) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna og eignarhluta | | 216.199.121 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | (86.321.888) | (44.759.400) |
| | | 126.441.920 | (97.674.453) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 14.392.958 | 70.000.000 |
| Skammtímalán, breyting | | 106.002.279 | 40.907.891 |
| Aðrar kröfur, breyting | | (115.000.000) | 19.765.017 |
| Afborganir langtímalána | | (128.640.057) | (87.149.466) |
| | | (123.244.820) | 43.523.442 |
| **Hækkun/(lækkun) á handbæru fé** | | 60.759.523 | (2.104.352) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 9.776.207 | 11.880.559 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 70.535.729 | 9.776.207 |

# Reikningsskilaaðferðir

## Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem eru í meginatriðum þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaðan samkvæmt matinu.

## Rekstrarreikningur

### Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

## Efnahagsreikningur

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og veitukerfið | 3 - 6% |
| Bifreiðar og lyftarar | 10% |
| Vélar, áhöld og búnaður | 15 - 20% |

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins. Þá hefur orkustöð félagsins verið færð niður um 200 mkr. á árinu til að mæta virðisrýrnun.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kaupverði, framreiknuðu til janúar 2002 að frádreginni niðurfærslu.

### Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2010. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

# Reikningsskilaaðferðir

## Birgðir

Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum í árslok.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2009.

## Skattamál

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja, lögum nr. 50/2005, voru orkufyrirtæki gerð skattskyld. Skattlagning orkufyrirtækja skal vera í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga svo og laga nr. 90/2003 eftir því sem við á. Í lögunum merkir orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni. Lögin öðluðust gildi og komu til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006.

Samkvæmt lögunum skal endurmeta þær fyrnanlegu eignir sem voru í eigu félagsins í byrjun árs 2006 og það hafði eignast fyrir árslok 2001. Fyrnanlegar eignir sem félagið hefur eignast á árunum 2002 til ársloka 2005 voru ekki endurmetnar þar sem endurmat samkvæmt skattalögum var þá fallið niður. Framreiknað kostnaðarverð myndar skattalegan fyrningagrunn, sem skattalegar afskriftir munu reiknast af. Til frádráttar endurmetnu verði eigna reiknast árlegar afskriftir. Afskriftahlutföllin eru lægri en félagið hefur notað til þessa og því myndast skatteign. Jafnfram er mismunur á bókfærðu verði eignarhluta í öðrum félögum og viðskiptakröfum og skattalegu verði þessara eigna.

Starfsemi vatnsveitu fellur hvorki undir ákvæði laga um tekjuskatt né laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Tekjur félagsins af vatnsveitu teljast því ekki skattskyldar og rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum ekki frádráttarbær kostnaður við ákvörðun tekjuskatts.

# Skýringar

## 1. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Langtímaskuldir | Aðrir liðir | Samtals árið 2009 | Samtals árið 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 0 | 1.246.511 | 1.246.511 | 2.734.745 |
| Arður | 0 | 231.942 | 231.942 | 0 |
| Gengistap og verðbætur lána | (70.353.393) | (11.920) | (70.365.313) | (657.910.822) |
| Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum | 0 | 201.426 | 201.426 | 0 |
| Vaxtagjöld | (41.912.600) | (17.142.653) | (59.055.253) | (64.513.147) |
| | (112.265.993) | (15.474.694) | (127.740.687) | (719.689.224) |

## 2. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Orkuveitu-mannvirki | Aðveitulögn | Fast-eignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1/1 2009 | 718.427.586 | 234.641.132 | 78.766.395 | 1.921.671 | 1.033.756.784 |
| Fært út vegna sölu | (81.396.311) | 0 | 0 | 0 | (81.396.311) |
| Afskrifað á árinu | (39.417.927) | (13.970.893) | (3.661.875) | (664.443) | (57.715.138) |
| Aukaafskrift á árinu | (200.000.000) | 0 | 0 | 0 | (200.000.000) |
| Viðbætur á árinu | 3.435.313 | 0 | 0 | 0 | 3.435.313 |
| Bókfært verð 31/12 2009 | 401.048.661 | 220.670.239 | 75.104.520 | 1.257.228 | 698.080.648 |

| Fasteignir félagsins í ársbyrjun 2010 voru eftirtaldar: | Fasteignamat, hús | Fasteignamat, leigulóð | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Þurrkklefi | 6.890.000 | 7.650.000 | 27.250.000 | 2.660.000 |
| Hveravellir, dæluhús og tengistöð | 2.020.000 | | 11.110.000 | 0 |
| Hrísmóar 1, 543,3 m2 og vatnsg. | 60.600.000 | 5.790.000 | 212.700.000 | 64.113.050 |
| Áhaldahús á Höfða, 318 m2 | 7.670.000 | 2.840.000 | 31.450.000 | 8.331.470 |
| | 77.180.000 | 16.280.000 | 282.510.000 | 75.104.520 |

Efni og búnaður í rafstöð að Hrísmóum 1, er tryggður gegn bruna- og vatnstjóni fyrir 291 millj. og búnaður í Lyngmóum 2 fyrir 14 mkr. Þá eru veitumannvirki tryggð hjá Viðlagatryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Tryggingarupphæð er 2.969,6 millj. króna og sundurliðast þannig;

| | Tryggingafjárhæð |
|---|---|
| Vatnsveita | 405.452.000 |
| Hitaveita í Aðaldal og Kinn | 389.024.000 |
| Hitaveita | 2.175.113.000 |
| | 2.969.589.000 |

# Skýringar

## 3. Eignarhlutir í félögum

| Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt: | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í árslok | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|
| Þeistareykir ehf | 31,97% | 270.649.165 | 271.412.034 |
| Hrafnabjörg ehf | 18,75% | 1.875.000 | 1.875.000 |
| Íslensk orka ehf | 20,40% | 33.994.041 | 38.936.125 |
| - óbein niðurfærsla hlutabréfa í Íslenskri orku ehf. | | | (28.284.093) |
| | | | 283.939.066 |

Á árunum 2001 og 2002 voru hlutabréf í Íslenskri orku ehf afskrifuð óbeinni afskrift með mótfærslu á rekstur vegna árangurslausra borana í Öxarfirði.

## 4. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eru óvátryggðar, og greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Ýmsar rekstrarvörur | 225.000 | 300.000 |
| | 225.000 | 300.000 |

## 5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 41.645.916 | 40.804.745 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (3.912.613) | (8.539.701) |
| | 37.733.303 | 32.265.044 |

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar 2009 | 8.539.701 | 6.219.217 |
| Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu | (5.445.538) | (1.024.383) |
| Breyting afskriftareiknings á árinu - aukning | 818.450 | 3.344.867 |
| | 3.912.613 | 8.539.701 |

# Skýringar

## 6. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé félagsins skv. samþykktum þess er kr. 307.000.000 eftir hlutafjáraukningu á stofnári. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut að nafnverði í félaginu.

| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum: | Hlutafé | Ójafnað tap | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2009 | 307.000.000 | (448.892.731) | (141.892.731) |
| Tap ársins | | (48.719.463) | (48.719.463) |
| Eigið fé 31. desember 2009 | 307.000.000 | (497.612.194) | (190.612.194) |

## 7. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins, vegna fyrrverandi starfsmanna, hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkanir á verðlagi og er færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað útreiknaða stöðu tryggingafræðings 31. desember 2009.

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2009 | 71.000.000 |
| Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu | (4.831.227) |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingum | 5.631.227 |
| | 71.800.000 |

## 8. Aðrar upplýsingar

### Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Laun | 33.676.833 |
| Launatengd gjöld | 7.691.602 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 5.631.227 |
| | 46.999.662 |

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur. Laun stjórnar og stjórnanda námu um 8,1 mkr.

# Skýringar

### Hlutafjárloforð

Félagið hefur skráð sig fyrir hlutafé í Hrafnabjörgum ehf fyrir kr. 5.625.000 sem ekki hafa verið innkallaðar.

### Skuldbindandi samningur

Í nóvember sl. var gerður samningur við Orkusöluna um að Orkuveitan skuldbindi sig til að framleiða eða kaupa og afhenda rafmagn frá raforkuvinnslu úr orkustöð á Hrísmóum og tekur samningurinn gildi þegar virkjunin verður gagnsett með endurbótum. Samningurinn er tímabundinn og gildir frá gangsetningardegi virkjunarinnar og án uppsagnar til sama dags þremur árum síðar, þó aldrei lengur en til 30. maí 2013.

### Annað

Félagið hefur eignatryggingar eins og fram kemur í skýringu 2 auk frjálsra ábyrgðatrygginga.

## 9. Langtímaskuldir

| | |
|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | |
| Í USD | 303.960.994 |
| Í CHF | 165.452.833 |
| Í JPY | 43.768.050 |
| Í EUR | 721.520.000 |
| | 1.234.701.877 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | |
| Verðtryggðar skuldir | 142.520.910 |
| | 142.520.910 |
| Langtímaskuldir samtals | 1.377.222.787 |

Vegnir meðalvextir langtímalána í árslok eru 1,9%.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2009 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2010 | 139.494.133 |
| Árið 2011 | 80.280.264 |
| Árið 2012 | 56.071.082 |
| Árið 2013 | 56.071.082 |
| Árið 2014 | 56.071.082 |
| Síðar | 989.235.144 |
| | 1.377.222.787 |

Langtímaskuldir samtals kr. 1.377.222.786 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir á árinu 2010, færðar meðal skammtímaskulda | 139.494.133 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 1.237.728.654 |
| | 1.377.222.787 |

# Skýringar

## 10. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið er í sjálfskuldarábyrgð, Pro rata, fyrir 283 mkr. langtímaláni Þeistareykja ehf í Íslandsbanka sem er á gjalddaga 26.1.2013.

Félagið er í solidariskri ábyrgð fyrir 330 mkr. skuldabréfaláni Þeistareykja ehf hjá Landsbanka Íslands hf ásamt öðrum hluthöfum í Þeistareykjum ehf. en Þingeyjarsveit. Hluthafasamkomulag er í gildi um að ábyrgðin skiptist hlutfallega miðað við eignaraðild að Þeistareykjum ehf komi til þess að á ábyrgðina reyni.

## 11. Sjóðstreymi

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Aðrir liðir, samkvæmt sjóðstreymi, sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, greinast þannig: | | |
| Verðbætur og gengis(hagnaður)/tap af langtímaskuldum | 70.353.362 | 645.563.063 |
| Tekjuskattur/Skattinneign | (67.189.995) | (92.516.234) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 800.000 | (4.000.000) |
| | 3.963.367 | 549.046.829 |

Hreint veltufé frá rekstri greinist þannig eftir starfsemi:

| | | |
|---|---|---|
| Áframhaldandi rekstur | 62.897.385 | |
| Aflögð starfsemi | 16.458.000 | |
| | 79.355.385 | |

## 12. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Tap fyrir tekjuskatt | | (115.909.458) |
| Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli | 18,00% | (20.863.702) |
| Óskattskyld starfsemi vatnsveitu | 5,40% | (6.259.638) |
| | 23,40% | (27.123.341) |

## 13. Skatteign

Skatteign félagsins greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 107.853.294 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 4.064.245 |
| Viðskiptakröfur | 704.270 |
| Annað | -694.318 |
| | 111.927.492 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 155.595.772 |
| | 267.523.265 |

# Skýringar

## 13. Skatteign (frh)

Ójöfnuð rekstrartöp frá fyrri árum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Tap ársins 2006, nýtanlegt til ársloka 2016 | 108.532.679 |
| Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársloka 2018 | 725.666.465 |
| Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019 | 29.785.424 |
| | 863.984.568 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður.

Breyting skattinneignarinnar greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Skattinneign í upphafi árs | 200.333.270 |
| Breyting vegna hækkaðs tekjuskattshlutfalls | 40.066.654 |
| Tekjuskattur skv. gildandi skatthluftfalli | 20.863.702 |
| Tekjuskattur vegna óskattskyldrar starfsemi | 6.259.638 |
| | 267.523.265 |

# Fimm ára yfirlit, lykilfjárhæðir og kennitölur

Allar fjárhæðir á verðlagi 2009 í þús. króna:

| | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kennitölur tengdar sjóðstreymi** | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri | 79.355 | 10.273 | 81.322 | 162.292 | 137.604 |
| Fjárfestingahreyfingar | 126.442 | (106.104) | (63.928) | (43.218) | (90.375) |
| **Rekstrarárangur** | | | | | |
| Rekstrartekjur samtals | 474.794 | 346.615 | 363.106 | 350.432 | 386.150 |
| Rekstrarhagnaður | 12.388 | 20.993 | 59.609 | 39.558 | 66.534 |
| Hagnaður (tap) ársins | -51.011 | -724.664 | 73.727 | -33.058 | 109.232 |
| **Ýmsar stærðir sem hlutfall af veltu (%)** | | | | | |
| Rekstrarhagnaður án söluhagnaðar fyrir afskriftir í % af tekjum (EBITDA) | 42,50% | 30,04% | 41,78% | 35,57% | 44,66% |
| Hagnaður (tap) ársins í % af tekjum | -10,74% | -209,07% | 20,30% | -9,43% | 28,29% |
| **Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,63 | 0,15 | 0,63 | 0,97 | 1,12 |
| Eignir samtals, í þús. króna | 1.473.135 | 1.602.962 | 1.744.855 | 1.918.366 | 1.999.593 |
| Eigið fé, í þús. króna | -190.612 | -154.138 | 591.082 | 550.443 | 623.037 |
| Eiginfjárhlutfall | -12,94% | -9,62% | 33,88% | 28,69% | 31,16% |

| Aðrar upplýsingar miðað við árslok 2009: | Hitaveita | Vatnsveita | Rafveita |
|---|---|---|---|
| Íbúar á veitusvæði | 2229 | 2229 | 2229 |
| Veitur (mælitæki) | 1063 | 17 | 1221 |
| Uppsett afl | 43,9 MW | 300 l/s | 7 MW |
| Lengd safn og aðveituæða/lengd háspennukerfis | 49,5 km | 4 km | 18 km |
| Lengd dreifikerfis/lengd lágspennukerfis | 29 km | 29 km | 27,5 km |
| Rafmagnsframleiðsla í Orkustöð | | | 0,0 GWh/ári |